

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 33/1958. **Kaupfélag Suðurnesja**
 (Guðm. Ásmundsson hrl.)
 gegn
Júníusi Ólafssyni (Áki Jakobsson hrl.)
 og gagnsök.

Dómdendur:
 hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
 prófessor.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar s. á., gerir *aðallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 25. marz 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 170.495,00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Bergþór læknir Smári að nýju skoðað gagnáfrýjanda hinn 6. marz sl. Telur hann skoðun sína ekki leiða neitt nýtt í ljós og því ekki unnt að breyta fyrra örorkumati frá 12. febrúar 1955.

Þá hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað tjon gagnáfrýjanda sökum varanlegrar örorku með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á kaupgjaldi verkamanna og tekjum háseta á fiskiskipum frá því í september 1957 þar til í marz mánuði sl. Reiknast honum örorkutjónið kr.

120.593,00, þegar miðað er eingöngu við breytingar, sem orðið hafa á Dagsbrúnartaxta á þessu tímabili, en kr. 127.337,00, ef gert er ráð fyrir, að gagnáfrýjandi hefði aðalatvinnu af sjósókn, en af landvinnu að nokkru leyti, svo sem gert var í reikningum K. G. Guðmundssonar, dags. 30/4 1955 og 30/9 1957 og nánar er rakið í héraðsdómi. Er hvort tveggja miðað við slysdag.

Verður nú vikið að efni málsins.

Áður en gagnáfrýjandi og unglingar þeir, sem með honum áttu að vinna, tækju til starfa í lest v/s Hegra að morgni þess dags, er slysið varð, bar verkstjóra aðaláfrýjanda að athuga, hvernig umhorfs var í lestinni, gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og segja fyrir um, hvernig haga skyldi vinnunni, m. a. með það fyrir augum, að sem minnst slyshætta stafaði af. Telja verður nægjanlega sannað, að hann lét þetta undir höfuð leggjast, enda ber að meta vafa um sönnunaratriði aðaláfrýjanda í óhag, þar eð hann hlutaðist ekki til um rannsókn á atvikum að slysinu, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952. Er aðaláfrýjandi því skaðabótaskyldur vegna slyssins. Hins vegar verður að telja í ljós leitt, að gagnáfrýjandi og piltur sá, sem með honum vann, hafi fyrst tekið til affermingar þegar þá, er var fyrir framan aðalstæðuna. Átti gagnáfrýjandi, sem var ekki með öllu óvanur affermingu á sementi, að sjá, að því fylgdi nokkur aukin áhætta sökum þess, hversu aðalstæðan var há. Verður gagnáfrýjandi því að bera sjálfur nokkurn hluta þess tjóns, er hann hlaut af slysinu. Þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti honum $\frac{4}{5}$ hluta þess, en að hann beri sjálfur $\frac{1}{5}$ hluta.

Tjón gagnáfrýjanda sökum atvinnumissis og örorku telst hæfilega metið kr. 80.000,00. Að öðru leyti ber að fallast á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð tjónsins. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda $\frac{4}{5}$ hluta af kr. 101.000,00 (kr. 80.000,00 + kr. 20.000,00 + kr. 1.000,00), þ. e. kr. 80.800,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags. Svo greiði aðaláfrýjandi og gagn-

áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst samtals kr. 14.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði gagnáfrýjanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 80.800,00 auk 6% ársvaxta frá 7. september 1953 til greiðsludags og kr. 14.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 7. september 1953 var gagnáfrýjandi ráðinn til að vinna þann dag að uppskipun á sementi úr norsku skipi og var settur til vinnu í þriðju lest skipsins. Var hann bakborðs megin að starfa ásamt ungmenni, en tvö ungmenni stjórnborðs megin.

Þá er þeir hófu vinnu, var lokið við að skipa upp sementspokum þeim, sem í miðju lestarinnar höfðu verið. Stóðu starfsmennirnir á gólfi lestarinnar, en umhverfis þá var sementspokastæða meðfram veggjum lestarinnar í rúmlega axlarhæð, að því er helzt má ráða af frásögnum. Fyrir framan aðalstæðuna var pokastallur. Byrjuðu þeir gagnáfrýjandi og félagi hans að taka poka þessa. Því næst teygði gagnáfrýjandi sig upp á aðalstæðuna, sem virðist hafa slútt fram, til þess að ná ofan af henni sementspoka. Við það hrundi stæðan fram, og varð gagnáfrýjandi undir henni og hlaut lærbeinsbrot á vinstra fæti.

Það liggur í augum uppi, að gagnáfrýjandi, sem er roskinn maður og reyndur, fór gálauslega að ráði sínu, er hann seildist til efsta pokans á stæðunni, er hallaðist fram, og kippti honum niður, enda hrundi pokastæðan þá yfir gagnáfrýjanda. Hins vegar bar verkstjóra aðaláfrýjanda skylda til að stjórna verki við uppskipunina þannig, að gætt væri fyllstu varkárni. Þetta vanrækti hann, þar sem

umbúnaðurinn um sementspokana í lestinni var hættulegur, þá er gagnáfrýjandi tók til starfa þar. Að öllum mála-vöxtum athuguðum er hæfilegt að skipta sök á slysinu þannig, að lögð sé á aðaláfrýjanda $\frac{2}{3}$ ábyrgðar á tjóni því, sem gagnáfrýjandi beið vegna slyssins. Þykir það hæfilega metið þannig:

1.-2. Atvinnu- og orkutjón gagnáfrýjanda	kr. 80.000,00
3. Þjáningabætur	— 20.000,00
4. Kostnaður	— 1.000,00

Alls kr. 101.000,00

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða $\frac{2}{3}$ þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 67.333,33, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000,00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði gagnáfrýjanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 67.333,33 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og kr. 12.000,00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Aðaláfrýjandi hlutaðist eigi til um opinbera rannsókn á slysförum gagnáfrýjanda, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23/1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Verður aðaláfrýjandi því að bera hallann af því, að sum atvik málsins liggja eigi ljóst fyrir.

Er gagnáfrýjandi kom til starfs í lest v/s Hegra að morgni hinn 7. september 1953, var aðstaða til vinnu þar hættuleg vegna bratta og hæðar sementsstálsins, eins og í héraðsdómi greinir. Bar aðaláfrýjanda því samkvæmt 1. mgr. 24. gr. nefndra laga að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til varnar gegn slysum á verkamönnum, sem í lest-

inni unnu. Eigi einungis var þetta vanrækt, heldur lét verkstjóri aðaláfrýjanda undir höfuð leggjast að koma í lestina til eftirlits og forsagnar um starfstilhögun. Þá er ósannað, að verkstjórinn hafi umræddan dag sett verkamönnum starfsreglur, eins og hann hefur borið og rakið er í héraðsdómi. Á hinn bóginn verður eigi talið örugglega í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi, svo að máli skipti, hag- að vinnu sinni á annan veg en verkstjórinn telur sig hafa til ætlazt.

Að svo vöxnu máli þykja gagnáfrýjanda í máli þessu eigi verða metin til sakar vinnubrögð hans né það, að hann hóf vinnu þrátt fyrir greindar aðstæður af hendi aðaláfrýjanda. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda.

Bætur úr hendi aðaláfrýjanda samkvæmt 1. og 2. kröfulið gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar kr. 80.000,00, en staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um 3. og 4. kröfulið. Samkvæmt þessu á aðaláfrýjandi að greiða gagnáfrýjanda kr. 101.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000,00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði gagnáfrýjanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 101.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Júníus Ólafsson, Arnarhóli, Blesugróf hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. maí 1955, gegn Kaupfélagi Suðurnesja, Keflavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 170.459,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1953 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en

til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Í byrjun september 1953 lá norskt flutningaskip, Hegra frá Þrándheimi, í Keflavíkurhöfn og losaði sementsfarm til stefnda. Að morgni hins 7. þess mánaðar var unnið að því að losa III. lest skipsins. Sementið var í pokum, svo sem venja er til, og var pokunum staflað á fleka niðri í lestinni, en síðan voru flekarnir dregnir upp úr lestinni með togvindum skipsins og settir á bíla, er stóðu við skipshlið. Er vinna hófst umræddan morgun, voru fjórir menn sendir til vinnu í lest þessari, stefnandi og þrír unglingar, en verkamenn, sem væntanlegir munu hafa verið frá Reykjavík, voru þá enn eigi komnir. Kom þeim félögum saman um að haga verkinu svo, að tveir væru við hvern fleka í stað þess að vera fjórir, svo sem annars var venja. Er unnið hafði verið skamma hríð, hrundi sementsstaflinn niður þeim megin í lestinni, sem stefnandi stóð, og grófst hann í sementspokum upp að mitti. Hlaut stefnandi brot á efri enda vinstri lærleggs við hnjask þetta.

Rannsókn á tildrögum slyss þessa hófst ekki fyrr en í byrjun marz 1954 og lauk í maí s. á., en að beiðni lögmanns stefnanda í bréfi, dags. 6. janúar 1954, til bæjarfógetans í Keflavík var málið þá rannsakað af lögreglunni í Keflavík. Undir rekstri málsins hér á bæjarþinginu hafa stefnandi og sjónarvottar að slysinu einnig gefið skýrslur um tildrög þess. Verða skýrslur þessar nú raktar í höfuðdráttum.

Stefnandi skýrir svo frá, að á þeim tíma, er slysið varð, hafi hann verið sjómaður á báti frá Keflavík, en þar eð landlega var um þessar mundir, hafi hann ráðið sig til vinnu þessarar hjá stefnda umræddan dag. Er þeir vinnufélagarnir komu niður í lestina um morguninn, hafi þannig hagað til þar, að autt hafi verið orðið um miðja lestina allt niður að gólfi, en allt umhverfis hafi verið staflar af sementspokum. Framan við staflann bakborðs megin í lestinni hafi verið stallur úr einfaldri röð af pokum, og hafi hæð stallsins numið tveim pokabykktum. Frá stalli þessum hafi efri brún aðalstaflans náð manni í öxl. Hin 15. febrúar 1956 skýrir stefnandi svo frá fyrir dómi, að hann muni þá ekki, „hvað af sementinu hann byrjaði að afgreiða, en minnir þó, að hann hafi tekið fyrst af stæðunni fremstu pokaröðina“. Virðist þar átt við aðalstaflann, en ekki stall þann, sem stefnandi kveður hafa verið fyrir framan hann. Er slysið

varð, kveðst stefnandi hafa teygt sig upp á aðalstæðuna eftir sementspoka, en um leið og hann hreyfði við pokanum, hafi stæðan hrunið með fyrrgreindum afleiðingum. Stefnandi kveðst ekki minnast þess, að verkstjóri stefnda við uppskipun sementsins færi með þeim félögum niður í lestina um morguninn, er vinna hófst, en hann muni, að verkstjórinn hafi engar fyrirskipanir gefið þeim um tilhögun verksins né aðvarað þá á nokkurn hátt. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort „lúgumaðurinn“ kallaði fyrirskipanir niður í lestina til þeirra. Getur stefnandi þess í því sambandi, að heyrn hans sé ekki góð.

Vitnið Karl Steinar Guðnason skýrir svo frá, að það og stefnandi hafi verið að verki bakborðs megin í lestinni. Er þeir hófu vinnu um morguninn, hafi pokastæðan þeim megin í lestinni ekki verið stölluð, heldur hafi stál hennar verið lóðrétt og stæðan slútt fram í lestina. Fyrir framan stæðuna hafi þó verið tvær eða þrjár pokaraðir, en hæð þeirra hafi verið misjöfn, 2—6 pokar í hæðinni. Þeir stefnandi hafi byrjað að taka pokaraðir þessar, en ekki tekið til við sjálfa stæðuna fyrr en að því verki loknu. Hafi þeir þá teygt sig upp á brún hennar og fyrst tekið fremstu röðina. Er þeir hrófluðu við pokunum, hafi hreyfing komið á stæðuna, en nokkra poka hafi þeir verið búnir að taka, er stæðan hrundi. Gat vitnið forðað sér, en það kveður stefnanda hafa orðið undir stæðunni, þar eð brettið, sem sementið var sett á, hafi verið fyrir framan hann og verið fyrir honum, er hann hafi ætlað að forða sér. Vitnið segir, að í umrætt sinn hafi verið unnið að töku sementsins í lestinni með sama hætti og áður hafi verið gert, þannig að hver stallur, sem byrjað var á, hafi verið tekinn niður í gólf. Vitnið segir, að áður en vinna hófst umræddan morgun, hafi verkstjórinn fylgt þeim vinnufélögum fjórum um borð í skipið og sett þá til vinnu í lest þessari, en engar fyrirskipanir gefið þeim aðrar, hvorki um tilhögun verksins né annað.

Vitnið Ísleifur S. Vilhjálmsson skýrði svo frá við lögreglurannsóknina út af slysinu, að það hefði verið annar þeirra manna, er unnu stjórnborðs megin í lest skipsins, er slysið varð. Rúmum tveim árum síðar skýrði það hins vegar svo frá fyrir dómi, að það hefði verið að verki bakborðs megin í lestinni. Hvikaði vitnið ekki frá þeirri staðhæfingu, er það var þá nánar innt eftir þessu. Við lögreglurannsóknina kvað vitnið þannig hafa verið umhorfs í lestinni, er vinna hófst um morguninn, að aðalstaflinn hafi verið heill, en fyrir framan hann hafi verið tveir

lágir stallar, en autt rúm á gólfinu fram undan þeim. Fyrir dómi í fyrrnefnt sinn lýsti vitnið þessu nánar. Kvað það stalla þessa hafa verið misháa, og hafi stallur sá, er nær var stæðunni sjálfri, verið hærrí en hinn, sem fjær var. Kvað vitnið efri brún stæðunnar mundu hafa náð því í öxl, hefði það staðið uppi á hærrí stallinum, en efri brún þess stalls náð því í mitti, hefði það staðið uppi á neðri stallinum. Og hefði það staðið á lestargólfinu, mundi efri brún neðri stallsins hafa náð því í svipaða hæð. Vitnið kveður sig minna, að í hvorum stalli hafi verið einföld röð poka, svo og, að endar pokanna hafi snúið fram og aftur í lestinni. Þá minni það, að það og sá, er með því vann, hafi byrjað á því um morguninn að taka pokana efst úr stæðunni. Vitnið kveður svo hafa verið umhorfs sem að fram- an er lýst í þeim hluta lestarinnar, sem það vann í. Hins vegar hafi það ekki veitt því athygli, hvernig sementspokunum var staflað þeim megin í lestinni, sem stefnandi vann. Vitni þetta kveðst hafa unnið að losun sements úr skipi þessu næstu dag- ana fyrir slysið. Hafi verkstjórinn þá gefið þeim, er í lestun- um unnu, þau ein fyrirmæli um tilhögun verksins, að þeir skyldu grafa sig niður í botn sitt hvorum megin í skipinu með þeim hætti að stalla sementsstaflann. Hafi hann og mælt svo fyrir, að stallarnir skyldu ekki hafðir mjög háir, til þess að ekki hlytist slys af. Engin slík fyrirmæli hafi verkstjórinn hins vegar gefið umræddan morgun.

Vitnið Brynjar Valdimarsson kveðst hafa verið að verki stjórn- borðs megin í lest skipsins í umrætt sinn ásamt Ísleifi S. Vilhjálms- syni. Við lögreglurannsókn komu engin atriði fram í skýrslu þessa vitnis, er máli skipta, og fyrir dómi skýrði vitnið svo frá um 2½ ári eftir slysið, að atburðir umrædds morguns væru óljósir orðnir í minni þess.

Vitnið Jón Eiríksson, sem var verkstjóri stefnda við verk það, sem um ræðir, skýrir svo frá, að það hafi ekki farið ofan í marg- nefnda lest um morguninn fyrr en eftir, að slysið varð. Kvöldið áður hafi hins vegar verið svo umhorfs í lest þessari, að sementið hafi verið stallað niður, og hafi stallarnir verið um það bil mittis- háir. Hvergi hafi sementsstæðan verið hærrí en um ein mannhæð, og um miðja lestina bakborðs megin, þar sem slysið varð, hafi stæðan verið „heil út við síðuna“, en einn stallur fyrir framan hana. Autt hafi þá verið orðið í miðri lestinni allt að gólfi. Ekki kveðst vitnið muna, hvort röð pokanna í stalli þessum hafi verið einföld eða tvöföld. Vitnið kveðst hafa farið um borð í skipið

um morguninn og gefið stefnanda og félögum hans fyrir mæli um að taka fyrst ofan af aðalstæðunni með því að standa uppi á stallinum, sem fyrir framan hana var, þar eð hann hafi óttazt, að hætta gæti stafað af því að taka stallinn fyrst. Er þeir félagarnir hófu verk sitt í lestinni, hafi hann áréttað þessi fyrir mæli sín, þar eð einn þeirra hafi þá þegar ætlað að byrja að taka af stallinum. Kveðst vitnið hafa álitnið, að þeir félagar hafi heyrt fyrir skipanir þess og áminningar, en eigi hafi það vitað, að stefnandi væri heyrnarsljór. Það hafi heldur ekki vitað, hvort stefnandi fór eftir fyrir mælum þess við vinnu sína, þar sem það hafi farið aftur í land til þess að skipuleggja önnur störf við uppskipunina. Kveðst vitnið hafa verið á bryggjunni, er því var skýrt frá slysinu.

Vitnið Baldvin Jónsson, sem var „lúgumaður“ við III. lest í umrætt sinn, skýrir svo frá, að Jón verkstjóri hafi komið um borð í skipið um morguninn og gefið stefnanda og félögum hans fyrir mæli um að vinna tveir og tveir saman í hvorri síðu skipsins, en ekki kveðst vitnið muna, hvort verkstjórinn gæfi þeim frekari fyrir skipanir. Það minni þó, að hann hafi mælt svo fyrir, að stalla skyldi sementið, en ekki „rífa undan“. Vitnið kveðst hafa staðið landmegin við lestaropið, örlítið til hliðar við það, og hafi það þá ekki getað fylgzt með athöfnum þeirra, sem bakborðs megin unnu í lestinni. Skömmu eftir að vinna hófst um morguninn, hafi fyrrnefndur Ísleifur Vilhjálmsson og sá, er með honum vann, flutt sig úr stjórnborðshlið lestarinnar yfir í bakborðshliðina, þar sem stefnandi var. Kveðst vitnið hafa beðið þá að vera kyrra, þar sem þeir höfðu verið, en það hafi komið fyrir ekki. Er slysið varð, hafi þeir félagar því allir verið bakborðs megin í lestinni. Ekki gat vitni þetta um það borið, hvernig umhorfs var í lestinni, er vinna hófst um morguninn.

Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem af því hlaut. Ljóst sé, að stæða sú, sem niður féll, hafi verið of há orðin, vegna þess að verkamenn þeir, sem unnið höfðu í lestinni daginn áður, hafi ekki gætt þess að stalla hana niður jafnóðum. Hafi verkstjóri stefnda ekki litið nægilega vel eftir því, að þess væri gætt, en mjög sé háskalegt við uppskipun á sementi, að stæðurnar í lestunum verði of háar. Þá bendir stefnandi á, að hann hafi engar leiðbeiningar fengið um það, hvernig verkinu skyldi hagað, en hann telji, að ekki hafi verið hægt að framkvæma það öðruvísi en gert var, að minnsta kosti ekki með þeim mannafla, sem í lestinni var.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að ekki hafi annað verið leitt í ljós en slyss það, sem mál þetta er sprottið af, hafi eingöngu orðið vegna gáleysis og mistaka stefnanda sjálfs. Af framburði verkstjórans, Jóns Eiríkssonar, verði eigi annað séð en hann hafi veitt stefnanda og þeim, sem með honum unnu, fullar leiðbeiningar um það, hvernig losun sementsins skyldi hagað, og verði eigi annað ráðið af framburði hans en þær leiðbeiningar hafi í einu og öllu verið réttar. Hins vegar beri framburður vitnisins Karls Guðnasonar það með sér, að það og stefnandi hafi ekki gætt þeirrar aðferðar við verkið, sem verkstjórinn hafi mælt fyrir um, þar sem þeir hafi byrjað á því að taka pokana úr stallinum fyrir framan sjálfa aðalstæðuna í stað þess að lækka stæðuna, eins og sjálfsagt hafi verið.

Er vinna hófst umræddan morgun, bar verkstjóra stefnda að fara niður í lestina með stefnanda og vinnufélögum hans til þess að kynna sér, hvernig umhorfs væri þar, og gefa þeim glögg fyrirmæli um það, hvernig þeim bæri að ganga að verki, svo og að fylgjast með því, að farið væri að fyrirmælum hans. Leitt er í ljós, að verkstjórinn vanrækti þetta. Var þó sérstaklega rík ástæða til slíkrar árvekni af hans hendi, þar sem menn þessir voru vart af barnsaldri utan stefnandi, en starf þetta allhættusamt og nauðsynlegt, að gætt væri fyllstu aðgæzlu. Að þessu athuguðu og þegar þess jafnframt er gætt, að telja verður nægjanlega fram komið, að svo hafi verið frá sementspokastaflanum gengið bakborðs megin í lestinni af þeim, sem fyrir höfðu unnið þar, að veruleg hættu væri á því, að úr staflanum hryndi, ef við honum væri hróflað, þá þykir bera að leggja á stefnda fébótaábyrgð á slysinu.

Þess var áður getið, að af hendi stefnda var ekki hlutast til um, að opinber rannsókn færi þegar fram á tildrögum slyssins, svo sem rétt var og skylt, heldur dróst úr hömlu, að slík rannsókn væri framkvæmd. Með skírskotun til þess og þar sem ekki er örugglega leitt í ljós, að orsök slyssins verði að einhverju leyti rakin til gáleysis stefnanda eða mistaka, eru ekki efni til að takmarka fébótaábyrgð stefnda á slysinu. Verður honum því gert að bæta stefnanda tjón hans að fullu.

Kröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Atvinnutjón í 6 mánuði | kr. 15.750,00 |
| 2. Örorkutjón | — 99.745,00 |
| 3. Bætur fyrir sársauka, vanlíðan og lýti — | 50.000,00 |
| 4. Lækniskostnaður | — 5.000,00 |

Samtals kr. 170.495,00

Við málflytning hinn 21. þ. m. hækkaði stefnandi fjárhæð 2. kröfuliðar í kr. 113.937,00, en lækkaði að sama skapi 3. kröfulið í kr. 39.808,00 og 4. kröfulið í kr. 1.000,00. Af hendi stefnda var ekki hreyft athugasemdum gegn breytingu þessari á sundurliðun kröfunnar, enda er samanlögð fjárhæð hennar hin sama og áður.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Við skoðun kom í ljós, að efri endi vinstri lærleggs hafði brotnað, og höfðu brotendarnir gengið mjög á misvíxl. Daginn eftir var brotið lagfært með skurðaðgerð og brotendarnir festir saman með 3 skrúfum. Lá stefnandi í sjúkrahúsinu til 26. október 1953, en eftir það heima, þar til rúmir þrjú mánuðir voru liðnir frá aðgerðinni, en þá byrjaði hann að hafa fótavist.

Hinn 30. desember 1953 skoðaði Snorri Hallgrímsson yfir-læknir stefnanda. Í vottorði læknisins, dags. 2. janúar 1954, segir á þessa leið:

.... „Við skoðun hinn 30. f. m. kemur eftirfarandi í ljós: Áberandi helta á vinstra fæti, gengur við einn staf. Á utanverðri v. mjöðm er ör eftir áður nefnda skurðaðgerð, vel gróið. Nokkur þroti er þó í kringum mjaðmahnútna, og finnur maður þar móta fyrir naglahausunum. Vinstri ganglimur er 3 sm styttri en sá hægri. Vinstri kálfi mælist 2 sm rýrari en sá hægri og v. lærleggur 1½ sm rýrari. Hreyfingar í vinstri mjöðm eru verulega takmarkaðar. Út- og innrótation er sama og engin, abduction 40 gr., flexion eðlileg, en um 15 gr. flexionskontraktur í mjöðminni. Hreyfing í hné og ökla er eðlileg. Grófur kraftur er sæmilegur. Líklegt þykir, að síðar meir muni reynast nauðsynlegt að fjarlægja skrúfurnar úr vinstra lærlegg.“

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Í örorkumati hans, dags. 12. febrúar 1955, segir á þessa leið:

.... „Slasaði mætti til viðtals og skoðunar í skrifstofu tryggingayfirlæknis 9. febr. 1955. Hann hefur unnið sl. ár, þar af 3—4 sl. mánuði á línubát. Hann kvartar um þreytuverki í vinstri ganglim, mjöðm og baki, einkum við áreynslu.

Skoðun: 5 sm stytting er á vinstra læri. Engin vöðvarýrnun er mælanleg. Beyging og rétting í mjöðm er eðlileg, en fráfærsla (abduction) og hverfihreyfing (rotation) eru talsvert hindraðar. Slasaði gengur haltur.

Röntgenmynd, tekin í Landspítalanum 1/2 '55, sýnir gróið mjaðmarbrot (fract. peritrochanterica fem. sin.).

Tímabært telst að meta varanlega örorku slasaða af völdum nefnds slyss, og þykir hún hæfilega áætluð
25%.“

Í byrjun árs 1957 kom það fram í samtali, er formaður dómsins átti við stefnanda, að hann hefði verið til lækninga hjá Ragnari Sigurðssyni lækni vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Með hliðsjón af því og þar eð tæp tvö ár voru þá liðin, frá því að mat Bergþórs lækni Smára á örorku stefnanda fór fram, varð það að ráði í samráði við lögmennt aðiljanna, að aflað yrði vottorðs lækni þessa um meiðsli stefnanda og batahorfur. Í vottorði lækni, sem dags. er 14. febrúar 1957, segir á þessa leið:

„Júníus . . . er með mjög sverar arthrosur í báðum mjaðmarliðum. Spondylarthroitiskar breytingar í col. lumbosacralis. Að sögn sjúkl. var hann algjörlega symptomafír fyrir slys þau, er hann varð fyrir þ. 27/9 '49 og þ. 7/9 '53 (enda þótt ekki sé ósennilegt, að smávægilegar breytingar hafi verið komnar í liðina). Ástand hans núna verður því að telja beina afleiðingu af þeim meiðslum, er hann hlaut, og þeirra sequaele.

Sjúkl. hefur verið hér tvisvar í therapie með þeim árangri, að verstu kvalirnar hafa minnkað um nokkurra mánaða skeið. Búast má við, að ástandið fari jafnt og þétt versnandi og erfiðara og erfiðara verði að eiga við sjúkl.“

Svo sem fram kemur í lækni-vottorði þessu, hafði stefnandi orðið fyrir slysi 27. september 1949. Er meiðslum þeim, er hann hlaut í því slysi, og afleiðingum þeirra lýst í vottorði prófessors Snorra Hallgrímssonar, dags. 4. febrúar 1950, en vottorð þetta hefur verið lagt fram í málinu. Samkvæmt því hlaut stefnandi m. a. í hinu fyrra slysi brot aftan til á hægri lærlegg. Upplýsingar um slys þetta og meiðsli þau, er stefnandi hlaut af því, lágu ekki fyrir í málinu, er mat Bergþórs Smára á örorku hans fór fram. Af þeim sökum lét lögmaður stefnanda læknum í té afrit af nefndu vottorði Snorra Hallgrímssonar og fór þess jafnframt á leit, að hann léti uppi skriflegt álit á því, hvort þessi eldri meiðsli stefnanda hefðu haft áhrif á örorkumatið. Í bréfi Bergþórs Smára, dags. 28. febrúar 1956, er það gefið til kynna, að eldri meiðsli séu örorkumati þessu óviðkomandi.

Vegna vottorðs Ragnars lækni Sigurðssonar þótti rétt, að örorka stefnanda yrði metin að nýju. Var stefnandi í því skyni

skoðaður af Bergþóri Smára hinn 30. marz 1957. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„Við skoðun kemur í ljós, að vinstra læri er 5 sm styttra en hægra. Utanvert á lærlegg á móts við lærhnútuna er 18 sm langt ör eftir skurðaðgerð. Engin vöðvarýrnun er mælanleg. Beyging og réttning í mjöðminni eru eðlilegar, en fráfersla og hverfihreyfing eru talsvert minnkaðar. Slasaði gengur nokkuð haltur.“

Metur læknirinn varanlega örorku stefnanda sem fyrr 25%. Í niðurlagi vottorðsins ítrekar læknirinn, að örorkumatið sé eingöngu vegna slyssins, sem mál þetta fjallar um, en fyrra slysinu algjörlega óviðkomandi.

Stefnandi er fæddur 10. júní 1897 og hefur því verið 56 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi 7. september 1953. Hann er kvæntur. Á skattframtali hans árið 1955 er þess getið, að hann hafi tvö börn á framfæri sínu, en eitt barn er talið á framfæri hans á skattframtali 1956. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans árin 1951—'55 verið sem hér segir: árið 1951 kr. 48.673,00, árið 1952 kr. 27.468,00, árið 1953 kr. 29.743,00, árið 1954 kr. 26.258,00 og árið 1955 kr. 42.192,00.

Hinn 30. apríl 1955 var áætlað atvinnutjón stefnanda miðað við 25% varanlega örorku reiknað út af K. G. Guðmundssyni tryggingafræðingi. Er útreikningur þessi byggður á atvinnutekjum stefnanda árin 1951—53, en tekjur hans þessi ár munu ýmist hafa verið hásetahlutur eða fyrir vinnu í landi. Kveðst hinn sérfróði maður hafa skipt atvinnutekjum stefnanda að þessu leyti eftir upplýsingum frá honum sjálfum. Hann kveðst miða við, að sá hluti atvinnuteknanna, sem samkvæmt þessu var hásetahlutur, hafi ekki tekið öðrum breytingum en þeim að hækka í janúar 1953 eftir hlutfallinu 122:105. Hins vegar gerir hann ráð fyrir, að tekjur af vinnu í landi hafi breytt á sama hátt og Dagsbrúnarkaup. Reiknað á þennan hátt telst honum atvinnutjón stefnanda þetta:

1. árið eftir slysið	kr. 10.973,00
2. — — — —	— 10.994,00
Eftir það árlega	— 11.006,00

eða verðmæti atvinnutjónsins alls kr. 99.745,00.

Önnur atriði í reikningsgrundvellingnum en að framan greinir eru 4% vextir p.a., dánarlíkur karla samkvæmt íslenskri reynslu

frá árunum 1921—'30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Hinn 30. september 1957 var áætlað atvinnutjón stefnanda að nýju reiknað út af K. G. Guðmundssyni. Kveðst hinn sérfróði maður í þeim útreikningi ekki sjá ástæðu til að breyta fyrri áætlun um vinnutekjur stefnanda 1. árið eftir slysið. Hins vegar telji hann eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, að eftir það sé áætlunin of lág. Kveðst hann hafa í förum sínum athugun, er gerð hafi verið af hagfræðingi eftir skattframtölum á vinnutekjum nokkurra giftra sjómanna árin 1954 og 1956. Athugunin nái til manna búsettra í Reykjavík, 8 kaupstöðum og 7 kauptúnum. Athugun þessi nái til sömu staða bæði árin og að mestu leyti sömu manna. Megi því gera ráð fyrir, að úrtakið sýni nokkurn veginn rétt breytinguna á vinnutekjum frá 1954 til 1956 hjá mönnum, er hafa aðalatvinnu sína af sjómennsku. Sýni úrtakið 24,3% hækkun frá 1954 til 1956. Auk framangreindra upplýsinga kveðst hinn sérfróði maður og hafa nákvæmar upplýsingar um vinnutekjur á úthaldsdag á togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur um nokkur undanfarin ár. Sýni þær upplýsingar meiri hækkun frá 1954 til 1956 heldur en fyrrgreind athugun hagfræðingsins. Með því að styðjast að nokkru við hvorar tveggja þessar upplýsingar, en þó meira við athugun hagfræðingsins, reiknast hinum sérfróða manni atvinnutjón stefnanda nú vera sem hér segir:

1. árið eftir slysið sama og áður
 2. — — — kr. 12.131,00
 3. — — — — 13.331,00
- Eftir það árlega — 13.640,00

eða verðmæti atvinnutjónsins alls kr. 113.937,00 miðað við slysdag. Er það sú fjárhæð, sem lögð er til grundvallar 2. lið kröfunnar.

Í þessum síðari útreikningi er reiknað með 6% vöxtum p.a., dánarlíkum fyrir íslenzka karla samkvæmt reynslu frá árunum 1941—'50 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Fjárhæð 1. kröfuliðar er fengin þannig fram, að gert er ráð fyrir, að stefnandi hafi verið að öllu ófær til vinnu fyrstu 6 mánuðina eftir slysið. Er atvinnutjón hans á mánuði þann tíma reiknað kr. 3.500,00 eða alls kr. 21.000,00. Frá þeirri fjárhæð eru dregin 25%, sem felast í útreikningi tryggingafræðingsins, en svo sem áður greinir, er hann miðaður við slysdag. Mismunurinn, kr. 15.750,00, er þá fjárhæð þessa kröfuliðar.

Af hálfu stefnda hefur báðum framangreindum kröfuliðum verið mótmælt sem of háum. Varðandi fyrra liðinn vekur hann athygli á því, að örorkumötin beri það ekki með sér, frá hvaða tíma beri að reikna hina varanlegu örorku stefnanda, og eigi heldur, hver örorka stefnanda hafi verið frá slysdegi til þess tíma. Sé þessi liður því með öllu órökstuddur. Varðandi síðari liðinn er því haldið fram, að tryggingafræðingurinn leggi of háar árstekjur til grundvallar útreikningum sínum. Þá komi það fram, að enginn frádráttur sé gerður í útreikningunum vegna opinberra gjalda. Að lokum er þess krafizt, að greiðslur til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, að fjárhæð kr. 26.292,29, komi til frádráttar.

Þegar það allt er virt, sem að framan er rakið, svo og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þá þykir hæfilegt að taka þessa tvo kröfuliði til greina með kr. 90.000,00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, en þær eru dagpeningar kr. 6.435,00 og örorkubætur kr. 19.777,29. Jafnframt er þá tekið tillit til þess, að af gögnum þeim, sem að framan eru rakin um sjúkrasögu stefnanda, er ljóst, að hann hefur verið að öllu óvinnufær fyrst eftir slysið, þótt eigi verði séð, hve lengi.

Um 3. Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 20.000,00.

Um 4. Um fjárhæð þessa kröfuliðar er ekki ágreiningur, og verður hún lögð til grundvallar óbreytt.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema kr. 111.000,00 (kr. 90.000,00 + kr. 20.000,00 + 1.000,00). Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.500,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómurunum Jónasi Jónassyni og Péttri Björnssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Suðurnesja, greiði stefnanda, Júníusi Ólafssyni, kr. 111.000,00 auk 6% ársvaxta frá 7. september

1953 til greiðsludags og kr. 8.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 53/1959. **Niels Jörgensen**
 gegn
Gregers Kappel og
borgarfégetanum í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kærð er dómsákvörðun Þorsteins S. Thorarensens, fulltrúa borgarfégeta í Reykjavík.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur í vixilmáli, er upp var kveðinn 7. marz 1959, var varnaraðilja Gregers Kappel dæmt að greiða sóknaraðilja, Niels Jörgensen, tiltekna fjárhæðir innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins. Dómurinn var birtur Gregers Kappel 14. marz 1959.

Sóknaraðili sendi borgarfégeta afrit af dóminum með bréfi, dags. 24. marz 1959. Í bréfinu er þess getið, að varnaraðili Gregers Kappel hafi pantað far með flugvél, sem fara eigi til Þýzkalands 27. marz 1959. Af þeim sökum kveðst sóknaraðili krefjast þess, að fégeti leggi farbann á nefndan varnaraðilja samkvæmt 2. tölulið 8. gr. laga nr. 18/1949 til tryggingar því, að unnt verði að gera aðför í eignum hans, þegar aðfararfresti ljúki hinn 29. marz 1959.

Kyrrsetningarmálið var tekið fyrir í fégetadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu lögreglustjóra hinn 25. marz 1959. Krafðist fégeti tryggingar af sóknaraðilja vegna farbannskröfunnar, en umboðsmaður sóknaraðilja taldi ekki skylt að setja tryggingu. Lýsti fégeti þá þeirri ákvörðun sinni, að hann mundi ekki framkvæma kyrrsetn-